

# Um notkun hesta í náminu á Hólum

## Nemendahross

Í námskeiðum þar sem nemandinn skaffar hross þurfa þau að samþykkjast af kennara námskeiðsins. Á meðan hrossið er notað í náminu ber að fylgja fyrirmælum kennara viðkomandi námskeiðs varðandi þjálfun og aðra meðhöndlun.

Í fyrsta tíma hvers námskeiðs eiga nemendahestar að mæta á járnum og í þjálfun. Þeir eiga að vera í góðu fóðurástandi, þ.e. holdastig 3-3.5. Ef hesturinn er óhæfur til kennslu er það talið fjarvist nemandans, enda getur nemandinn ekki tekið þátt í kennslunni. Ef um akútt meiðsl eða veikindi hjá hestinum er að ræða, gilda almennar reglur um fjarvist enda liggur dýralæknisvottorð fyrir.

Öll valkvæð meðhöndlun hestsins sem nudd, hnykkingar o.a. verður að fara fram utan kennslustundar og má ekki hafa áhrif á mætingu eða þáttöku nemandans í kennslu.

Nemandinn sér sjálfur um járingar, munnholsskoðanir og aðkomu dýralæknis ef þess þarf.

Ekki er heimilt að fara með hestana af staðnum, taka þátt í keppni eða öðrum verkefnum án samráðs við umsjónarkennara. Sama gildir um utanaðkomandi afskipti eða aðstoð á staðnum. Óheimilt er að aðrir en nemandinn sjálfur ríði hestinum nema í samráði við kennara viðkomandi námskeiðs. Þar sem þjálfun hestsins telst sem verkefni í skólanum gilda ákvæði úr námsreglum skólans: 1.11 „Reglur um próf, verkefni og endurtökurétt.“ Brot á þessum reglum telst til 1.11 c) Um heimildanotkun og ritstuld.

„Alvarlegum brotum skal vísa til deildarstjóra til úrskurðar. Brot af þessu tagi geta leitt til þess að nemandi falli í námskeiðinu og fyrirgeri rétti sínum til endurtöku þess á viðkomandi skólaári. Þau geta einnig leitt til áminningar eða brottvísunar úr skólanum.“

Ætlast er til að hestarnir séu þjálfaðir innan skólatíma nema í samráði við kennara viðkomandi námskeiðs.

## Varahestar og skipti

Í sumum námskeiðum er mælt með að vera með varahest. Varahestur sem er samþykktur af umsjónarkennara má nota í hans stað ef nemendahesturinn forfallast tímabundið.

Ef nemendahesturinn forfallast og getur ekki nýst í lokaprófi má nemandinn koma með varahest, en skal nemandinn sannanlega hafa þjálfað prófshestinn sjálfur í a.m.k mánuð fyrir lokapróf. Sjá ofar.

Ef nemendahesturinn forfallast innan við mánuð fyrir lokapróf getur nemandinn fengið tilboð um skólahest út námskeiðið. Leitast er við að finna hest af sviðuðum gæðum og nemendahesturinn sem forfallaðist, þó er það ekki alltaf hægt. Tilboð um lánshest frá skólanum gildir ekki um námskeiðin KYD, ÞJK I og ÞJK II.

Í námskeiðum þar sem nemendur leggja til hestinn má nemandinn skipta um hest eftir að námskeiðið er hafið. En einungis ef umsjónarkennari námskeiðsins telur hestinn af betri gæðum og/eða henta nemandanum betur í náminu ásamt því að skipti hafi ekki truflandi áhrif á framvindu námsins.

## Lánshestar

Ef einstakir nemendahestar eru ekki í eigu nemendanna sjálfra, skal eigandi hestsins undirrita staðfestingu á að nemandinn hafi hestinn út námstímabilið. Notast á við þetta eyðublað og skila til umsjónarkennara í upphafi námskeiðsins:

[https://www.holar.is/static/files/Hestafræðideild/Hestakostur/stadfesting\\_a\\_hestlani-1-.docx](https://www.holar.is/static/files/Hestafræðideild/Hestakostur/stadfesting_a_hestlani-1-.docx)

## Annað

Tryggingar: Ath. að skólinn tekur enga ábyrgð á nemendahestunum og nemendum er í sjálfsveld sett hvort þeir tryggja sína hesta.

## Hross sem skólinn leggur til

### Skólahestar

Skólahestar þ.m.t. skeiðhestar eru allan jafnan notaðir í fleiri en eitt námskeið/verkefni og er það umsjónarmaður skólahesta sem sér um at úthluta hross í hvert verkefni. Það má enginn nema nemandinn sem hefur fengið úthlutað hestinn þjálfa hann eða fara á bak á hann án samráðs við umsjónarkennara.

### Þjálfunnarhestar og trippi

Hross sem skólinn skaffar er allan jafnan í umsjá nemandans sem fær hann úthlutaðan. Nemandinn skal sjá til þess að hesturinn verði rétt fóðraður, verði járnaður ef þarf ásamt sinna honum ef koma upp veikindi eða slys. Kalla til dýralæknis í samráði við búsmann á vakt og sinna hestinum eftir þörfum.

Ekki er heimilt að fara með hestana af staðnum, taka þátt í keppni eða öðrum verkefnum án samráðs við umsjónarkennara. Sama gildir um utanaðkomandi afskipti eða aðstoð á staðnum. Óheimilt er að aðrir en nemandinn sjálfur ríði hestinum nema í samráði við kennara viðkomandi námskeiðs. Þar sem þjálfun hestsins telst sem verkefni í skólanum gilda ákvæði úr námsreglum skólans: 1.11 „Reglur um próf, verkefni og endurtökurétt.“ Brot á þessum reglum telst til 1.11 c) Um heimildanotkun og ritstuld.

„Alvarlegum brotum skal vísa til deildarstjóra til úrskurðar. Brot af þessu tagi geta leitt til þess að nemandi falli í námskeiðinu og fyrirgeri rétti sínum til endurtöku þess á viðkomandi skólaári. Þau geta einnig leitt til áminningar eða brottvísunar úr skólanum.“

Ætlast er til að hestarnir séu þjálfaðir innan skólatíma nema í samráði við kennara viðkomandi námskeiðs.